

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólkins um húsnæði fyrir fatlað fólk - R19080069***

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. ágúst 2019, varðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólkinsins um húsnæði fyrir fatlað fólk. Það upplýsist að fyrirspurnin ásamt svari sviðsstjóra var tekin fyrir á fundi velferðarráðs 9. október sl. og sendist hér meðfylgjandi ásamt bókunum fulltrúa ráðsins.

Virðingarfyllst

Dís Sigurgeirsdóttir

Hjálagt:

Svar sviðsstjóra við fyrirspurn, dags. 9. október 2019  
Bókanir fulltrúa velferðarráðs á fundi 9. október 2019



## Svar við fyrirspurn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### ***Efni: Biðlisti eftir húsnæði fyrir fatlað fólk – R19080069***

Á fundi borgarráðs 15. ágúst 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn um húsnæði fyrir fatlað fólk.

*Fyrirspurn Flokks fólksins um búsetuúrræði fyrir fatlaða einstaklinga. Samkvæmt nýjustu upplýsingum bíða nú 57 einstaklingar eftir sértæku húsnæði í flokki 1, 45 eftir sértæku húsnæði í flokki 2 og 43 eftir sértæku húsnæði í flokki 3. Til upprifjunar þá er flokkur 3 þeir sem þurfa mikla þjónustu og flokkur 2 minni og flokkur 1 minnst af þeim sem þurfa sértækt húsnæðisúrræði. Samtals eru þetta 145 auk þess eru 35 á bið eftir húsnæði með stuðningi en það þýðir að viðkomandi fær staka íbúð en teymi starfsfólks sér um að veita þjónustu heim. Ef litið er á listann fyrir ca. 5 árum kemur í ljós að hann hefur ekkert styst. Þetta er stór hópur einstaklinga og hafa margir beðið lengi, jafnvel nokkur ár. Flokkur fólksins spyr: Hver er ástæða þess að fólk fötlun í Reykjavík þarf að bíða mánuðum og árum saman eftir búsetuúrræði? Er það skortur á húsnæði? Skortur á starfsfólki? Hvað er verið að byggja fyrir marga? Er á dagskrá að kaupa húsnæði sem þegar er til staðar? Er til nýleg þarfagreining meðal þeirra sem þurfa sérstök húsnæðisúrræði?*

## **Svar**

Þann 24. ágúst 2017 samþykkti borgarráð uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlaða einstaklinga. Uppbyggingaráætlunin er byggð á húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 – 2023. Um er að ræða áfangaskipta áætlun í þremur áföngum frá árinu 2018 til ársins 2030. Í áfanga I (2018 - 2020) er gert ráð fyrir 80 – 90 íbúðum. Í áfanga II (2021-2025) 42 – 50 íbúðum og í áfanga III (2026 – 2030) 35 – 43 íbúðum. Í heildina eru þetta 157 – 183 íbúðir.

Í október 2019 eru 168 einstaklingar 18 ára og eldri á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Á tímabilinu 2016-2030 er verið að byggja eða kaupa húsnæði

fyrir 205 til 229 fatlaða einstaklinga. Er þá bæði um að ræða íbúðir í íbúðakjörnum og stakar íbúðir. Frá árinu 2016 til dagsins í dag hafa 52 einstaklingar fengið úthlutað nýju húsnæði sem byggt var á grunni uppbyggingaráætlunar. Auk þess sem úthlutað hefur verið í húsnæði sem hefur losnað á þessu tímabili. Einnig er unnið að því að bjóða þeim sem búa nú á herbergjasambýlum aðra búsetukosti í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Félagsbústaðir eru bæði að kaupa og byggja íbúðir í samræmi við uppbyggingaráætlun með það að markmiði að hafa fjölbreytileika í því húsnæði sem kemur inn í málaflokkinn. Velferðarsvið heldur utan um biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í málaskrá sviðsins og reglulega er farið yfir þær upplýsingar. Þarfagreiningar eru til fyrir alla sem eru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk og þær eru endurskoðaðar eftir þörfum og að lágmarki einu sinni á ári. Ráðgjafar eru í sambandi við þá sem hafa sótt um húsnæði fyrir fatlað fólk og á meðan biðtíma stendur er reynt að mæta þörfum hvers og eins með stuðnings- og heimaþjónustu.

***Velferðarráðsfundur 9. október 2019 - Lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn um húsnæði fyrir fatlað fólk***

6. Lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn Flokks fólksins, sem lögð var fram í borgarráði 15. ágúst 2019 og vísað til meðferðar velferðarráðs, um húsnæði fyrir fatlað fólk.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk var samþykkt árið 2017 að undangenginni ítarlegri þarfagreiningu sem nú nær til allra sem eru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Áætlunin hefur verið að fullu fjármögnuð. Frá árinu 2016 til dagsins í dag hefur verið fordæmalaus uppbygging á búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og hafa 52 einstaklingar fengið úthlutað í nýtt húsnæði, auk þess sem úthlutað hefur verið í húsnæði sem hefur losnað. Bæði er um nýbyggingar, endurbætur og kaup á húsnæði að ræða, allt til að mæta þörf hverju sinni.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það eru 168 fatlaðir einstaklingar sem bíða eftir húsnæði og aðeins 52 hafa fengið úthlutað sl. 3 ár. Fyrir þennan og síðasta meirihluta er þessi hópur greinilega ekki hátt skrifaður þegar kemur að forgangi. Það skýtur skökku við í ljósi þess að Samfylkingin hefur verið við völd í a.m.k. 10 ár. Sú áætlun sem hér er birt í svari gefur til kynna að sumir gætu þurft að bíða í tíu ár eða lengur eftir búsetuúrræði. Einstaklingar eru jafnvel komnir á miðjan aldur þegar þeir loksins fá húsnæði. Er vitað hvar þessir einstaklingar búa sem eru á biðlistanum? Hjá foreldrum? Systkinum? Þetta er óásættanlegt. Samkvæmt áætluninni á að vera búið að byggja 80-90 íbúðir fyrir 2020. Það styttist í 2020. Er búið að byggja þessar íbúðir? Miða við að aðeins 52 hafi fengið húskjól síðustu þrjú árin stenst þessi áætlun ekki. Á svona bið græðir engin. Dæmi eru um að fjölskyldur eru rjúkandi rústir, slíkt er álagið. Í þessum fjölskyldum eru oft yngri systkini sem verða fyrir áhrifum af álaginu sem er á heimilinu og foreldrum. Aðstandendur eru oft örmagna og sá sem bíður eftir húsnæðinu orðin þunglyndur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Vakin er athygli á að 52 nýjar íbúðir hafa verið teknar í notkun á síðustu 3 árum en mun fleiri verið úthlutað.